



Markaðsstofa Suðurlands

Framvinduskýrsla september – desember 2015

Kynningarferðir, viðburðir og sýningar

FAM ferð

Markaðsstofan stóð að móttöku FAM hóps frá Dublin þar sem Írskir ferðasalar kynntu sér nýja möguleika í ferðum til Íslands. Hópurinn flaug til Egilsstaða og kom þaðan inná Suðurlandið. Ferðin var unnin í samstarfi Markaðsstofunnar, Íslandsstofu og WOWair og var farin um miðjan september. Fulltrúar sveitarafélaga/svæða komu einnig að móttöku gestanna. Gekk ferðin mjög vel og mikil ánægja meðal gesta, bæði með ferðina og fyrirkomulagið.

VestNorden í Færeyjum

Markaðsstofa Suðurlands ásamt Ríki Vatnajökuls tók þátt í VestNorden í Færeyjum í september þar sem við áttum fjölmarga og góða fundi. Margir kaupendur voru að leita að nýjum möguleikum í gistingu, mat og afþreyingu ásamt nýjum áfangastöðum á Suðurlandi.

Fundargestir voru mjög áhugasamir um landshlutabæklinginn og voru send um 400 eintök út í heim að sýningu lokinni, þar sem hann nýtist vel við að skipuleggja ferðir. Þá var listi yfir viðmælendur ásamt helstu upplýsingum um þá sent til aðildarfyrirtækja Markaðsstofunnar til eftirfylgni.



Ferðamálaþing

Markaðsstofan sótti Ferðamálaþing á Akureyri í lok október. Ferðamálastofa hélt þingið og var yfirskriftin í ár *Stefnumótun svæða – Stjórnun og skipulag (e. Strategic Planning for Tourism)*.

Tveir erlendir fyrirlesarar héldu erindi á þinginu, frá Nýja-Sjálandi kom C. Michael Hall, sérfræðingur í stefnumótun og skipulagningu áfangastaða og prófessor við University of Canterbury. Er hann almennt talinn einn virtasti fræðimaður á sviði ferðamálafræði í heiminum í dag. Frá Skotlandi kom Thomas Riddell Graham, einn af stjórnendum Visit Scotland, þar sem hann ber meðal annars ábyrgð á svæðisbundinni þróun, gæðamálum og upplýsingaveitu.

World Travel Market

Markaðsstofan tók þátt í World Travel Market með Íslandsstofu í byrjun nóvember, en sýningin er ein stærsta ferðasýning í heimi. Íslandsbásinn var allur hinn glæsilegasti og komu gestir sýningarinnar frá öllum heimshornum.

Fjölmargir ferðasalar frá ýmsum mörkuðum komu og kynntu sér Ísland sem áfangastað sem og landsbyggðina, þ.m.t. Suðurlandið. Mjög margir sýndu Íslandi áhuga og svo virðist sem að það sé komið á kortið á nýjum mörkuðum.

Mannamót 2016

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna verður haldið í 21. janúar 2016 kl. 12:00 - 17:00 í flugskýli flugfélagsins Ernis á Reykjavíkflugvelli. Undirbúningur hefur verið í fullum gangi síðan í september.

Mannamót markaðsstofanna er hugsað sem kynningarvettvangur ferðapjónustunnar á landsbyggðinni og tækifæri til að koma á fundum fagaðila í greininni. Tilgangurinn er að kynna landsbyggðarfyrirtæki fyrir ferðasölum og öðrum tengdum ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu og hjálpa til við að mynda tengsl innan ferðapjónustunnar. Gestum á Mannamóti gefst kostur á kynna sér það sem mismundi landshlutar hafa uppá að bjóða með áherslu á vetrarferðamennsku.

Árshátíð Markaðsstofunnar

Könnun var send út vegna uppskeruhátíðar MSS í byrjun október til að leggja grunn að undirbúningi hennar. Þar voru aðilar spurðir um ákjósanlegt fyrirkomulag, tímasetningu og staðsetningu hátíðarinnar. Voru niðurstöðurnar notaðar til grundvallar ákvörðunum og er undirbúningur kominn á fullt. Uppskeruhátíðin fékk þar af leiðandi nýtt nafn og fyrirkomulag og verður að þessu sinni árshátíð.

Drög að dagskrá liggur fyrir sem mun samanstanda af áhugaverðri málstofu, kynningarferð og kvöldverði ásamt skemmtun um kvöldið.

Árshátíðin verður haldin 19. febrúar 2016 að Hótel Vatnsholti í Flóa.

Stoðkerfið og samstarf

Ferðamálastofa

Unnið var að endurnýjun samninga við Ferðamálastofu á tímabilinu ásamt því að skoða leiðir og möguleika á einfaldara fyrirkomulagi slíkra samninga inná svæðinu.

Ýmsir fundir voru haldnir til undirbúnings og samtals. Lagt var til að samningnum yrði haldið óbreyttum að sinni og undirbúningi að nýju fyrirkomulagi yrði gefinn meiri tími.

Samningar voru endurnýjaðir í lok árs, þar sem fallist var á hann óbreyttan frá fyrra ári. Þá var hafin vinna við að endurskipulagningu og koma með tillögur að tilhögun á svæðinu.



Þá sótti MSS um styrk til Ferðamálastofu til að aðstoða fyrirtæki á Suðurlandi við að nýta sér niðurstöður markaðsgreiningarinnar sem er í vinnslu. Til þess að sem bestur árangur náist þarf að kynna niðurstöður greiningarinnar vel á svæðinu. Því er mikilvægt að halda fundi og kennslu/þjálfun fyrir fyrirtækin um hvernig þau geta nýtt sér þessa vinnu inni í sínu fyrirtæki. Styrkumsóknin var samþykkt og mun MSS halda utan um þessa vinnu í framhaldinu.

Þá hefur Ferðamálastofa samþykkt að taka þátt í kostnaði við samsarf Markaðsstofa landshlutanna, m.a. með því að koma að stefnumótunarvinnu sameiginlegs vettvangs þeirra og að skilgreina betur hlutverk þeirra innan stoðkerfisins.

Íslandsstofa

Á tímabilinu hefur MSS átt í þéttu og góðu samstarfi við Íslandsstofu og hafa m.a. markaðsfundir, rýnifundir og fleiri á þeirra vegum verið sóttir á tímabilinu.

Nýr Vegvísir í ferðamálum – Stjórnstöð ferðamála

Ný ferðamálastefna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins var kynnt á tímabilinu, eða í október sl. Þar kynntu Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála og Grímur Sæmundssen, formaður SAF m.a. nýja stjórnstöð ferðamála til leiks.

Markaðsstofan sótti í kjölfarið fundi um nýjan Vegvísi í ferðamálum ásamt því að funda með framkvæmdastjóra Stjórnstöðvarinnar og fleiri tengdum hagsmunaaðilum.

Endurnýjun samstarfssamninga við sveitarfélög

Samningar fjögurra sveitarfélaga voru komnir að endurnýjun á tímabilinu og ósk um endurnýjun send út í október ásamt boði/ósk um fund/kynningu með viðkomandi sveitarfélagi.

Árborg og Hveragerði hafa samþykkt framlengingu á samningunum. Fundur/kynning áætlaður í janúar með Rangaárþingi ytra og Flóanum.

Þá hélt framkvæmdastjóri kynningu fyrir Ferðamálasamtök Vestmannaeyja á tímabilinu, til að kynna þeim starfsemi og áherslur Markaðsstofunnar. Á þeim fundi var lagt til og samþykkt að forsvarsmenn ferðamálasamtakanna myndu hefja viðræður við Markaðsstofuna um hugsanlega aðild Vestmannaeyja.

Samstarf Markaðsstofa Landshlutanna (MAS)

Markaðsstofur Landshlutanna funda að jafnaði a.m.k. einu sinni í mánuði og hefur það einnig verið á tímabilinu. Áhersla hefur verið á að efla samstarfið enn frekar m.a. með því stilla saman strengi til að styrkja hagsmuni landsbyggðarinnar. Því til stuðnings var gerð sameiginleg heimasíða, www.markadsstofur.is sem og lógó fyrir Markaðsstofurnar.

MARKAÐSSTOFUR
LANDSHLUTANNA

Einn af stærstu verkefnum stofanna er viðburðurinn MANNAMÓT (sjá nánar hér fyrir ofan) og hefur undirbúningur verið á fullu síðustu misserin.

Þá hafa ýmis samstarfsverkefni og hagsmunamál verið í undirbúningi og vinnslu. Áfram hefur verið unnið með hugmyndir að upplýsingavegg í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í samstarfi við Isavia, Íslandsstofu og Ferðamálastofu þar sem áhersla er á sérstöðu hvers svæði og heimasíður landshlutanna.

Samstarfshópur ferðamála á Suðurlandi

Markaðsstofa Suðurlands stóð að því að formgera samstarf samstarfshóps um ferðamál á Suðurlandi á árinu. Haldnir hafa verið fjórir fundir á árinu, sá síðasti í desember. Að fundinum komu fulltrúar ferðamála hvers svæðis á Suðurlandi og báru saman bækur sínar ásamt því að ræða samræmdar áherslur og áskoranir fyrir árið 2016.

Þá kynntu fulltrúar Manhattan marketing nálgun sína á markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Suðurland ásamt því að ræða við fulltrúa svæðanna og fá þeirra sýn m.a. á styrkleika svæðisins. Hópurinn hefur unnið saman að ýmsum verkefnum á árinu s.s. undirbúning og móttöku gesta, blaðamanna, kynningarferða, útgáfu kynningarefnis, þátttöku í sýningum svo eitthvað sé nefnt.

Markaðsgreining fyrir áfangastaðinn Suðurland

Sjö manna verkefnastjórn heldur utan um verkefnið *Markaðsgreining fyrir áfangastaðinn Suðurland*, þar sem framkvæmdastjóri MSS fer fyrir hópnum. Á fyrsta fundi verkefnastjórnar var farið yfir markmið og áherslur verkefnisins og val á framkvæmdaraðila.

Gengið var til samninga við Manhattan marketing um framkvæmd verkefnisins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands 2015.

Áætlað er að fyrstu niðurstöður greiningarinnar liggi fyrir í lok febrúar 2016.

Útgáfa og miðlar

Landshlutabæklingur - Landshlutakort

Landshlutabæklingurinn var gefinn út að vanda í september í 55.000 eintökum. Er hann feikilega vinsæll meðal ferðamanna hér á landi og er mikið notaður af ferðaskrifstofum og ferðasölum sem skipuleggja ferðir um Suðurlandið.

Bæklinginn má nálgast á öllum upplýsingamiðstöðum á landinu og er honum dreift markvisst á allar upplýsingamiðstöðvar sem og helstu ferðamannastaði. Þá er honum dreift á sýningum og öðrum viðburðum sem Markaðsstofan tekur þátt í.

Mikil eftirspurn var eftir nýja landshlutakortinu svo farið var í að endurprenta það á tímabilinu. Hefur kortinu verið mjög vel tekið og helstu notendur ánægðar með uppsetninguna á því.

Fréttabréf MSS

Mikilvægur þáttur í starfsemi MSS er upplýsingamiðlun og innri kynning/markaðssetning. Fréttabréf MSS, sem gefið er út ársfjórðungslega, var sent út í október. Þar er því helsta sem um er að vera hverju sinni miðlað til helstu hagsmunaaðila.

Aðrir miðlar MSS fyrir slíka miðlun er heimasíðan www.south.is/markadsstofan og FB síðan <https://www.facebook.com/markadsstofasudurlands/>

Kynningarbæklingur Markaðsstofunnar

Markaðsstofan hefur unnið að útgáfu kynningarbæklings fyrir Markaðsstofuna á tímabilinu og er reiknað með að hann komi út í byrjun janúar. Bæklingurinn er ætlaður fyrir ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi þar sem starfsemi, markmið og vinna Markaðsstofunnar er kynnt. Þá verður bæklingurinn einnig gagnlegur til upplýsinga fyrir núverandi aðila, til birtingar á heimasíðunni og víðar.

Heimasíðan www.south.is

Áfram hefur heimasíðan verið hjartað í öllu markaðs- og kynningarstarfi MSS. Hefur vefurinn verið í stöðugri uppfærslu og þróun. Þá hefur það verið sett í verkferla að nota ca. 2-3 daga fasta daga í mánuði eingöngu í uppfærslur á vefnum. Nýjar myndir voru keyptar til að endurnýja úrval af vetrarmyndum á vefnum.

Þá var sett upp ný undirsíða sem heldur utan um þær umfjallanir sem Markaðsstofan hefur komið að og hafa verið birtar um landshlutan.

Þá hafa verið í skoðun viðbætur við síðuna sem eru enn á vinnslustigi, en miðar að því að gera ferðamönnum enn auðveldar fyrir að afla sér upplýsinga um svæðið.

Tölulegar upplýsingar um miðlana:

www.south.is

- Um **165.000 heimsóknir** á ári
- Allt **að 700 heimsóknir** á dag
- **Fjölgun** erlendra heimsókna **56% milli ára** 2014 og 2015
- Notendur síðunnar eru **yfir 119.000**
- **75% eru nýjar** heimsóknir

Flestar heimsóknir koma frá

- Íslandi
- Bandaríkjunum
- Bretlandi
- Þýskalandi
- Kanada
- Frakklandi

Samfélagsmiðlar

- **Facebook** síðan South Iceland með um **8.300 fylgjendur**.
- Þá erum við á **Instagram, Twitter og Youtube** þar sem aðilar eiga möguleika á að koma sínu efni á framfæri

Fjölmiðlar – fyrirspurnir og umfjallanir

Fjölmargar fjölmiðlafyrirspurnir bárust á tímabilinu. Þá vann MSS að komu tveggja stórra miðla á Suðurlandið, ITV breakfast show og BBC. Munu þessir stóru miðlar, sem hafa báðir fleiri milljónir í áhorf á dag, heimsækja Suðurland í byrjun árs 2016. Á tímabilinu var mikill undirbúningur vegna komu þessara miðla sem fólst m.a. í skipulagningu, undirbúningi, utanumhaldi og eftirfylgni.

Þá hafa nýir möguleikar skapast með nýjum gagnagrunni Íslandsstofu sem greinir fjölmiðlafyrirspurnir enn frekar og eru þessir möguleikar til nánari skoðunar fyrir Suðurland.

Suðurlandsblaðauki Atlantica/Iceland review

Í samstarfi við Atlantica/Iceland review gaf Markaðsstofan út Suðurlandsblaðauka. Honum var ætlað að kynna Suðurland yfir haust- og vetrarmánuðina og var í dreifingu frá október – desember í flugvélum Icelandair og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Suðurlandskygning í Iceland Review/Atlantica gekk vel og náðist markmið um auglýsingasölu til að gefa út sér blaðauka. Þar fékk landshlutinn góða kynningu og hefur verið notaður sem kynningarefni m.a. á sýningum og fleiri stöðum/viðburðum.

Önnur verkefni / fundir

- Fundir með ýmsum hagsmunaaðilum MSS
- Fundir er varða nýsköpun á svæðinu á tímabilinu
- Fjárhagsáætlun 2016 hefur verið í vinnslu
- Kynningarferð um Uppsveitir Árnassýslu
- Vakinn - MSS veitti viðurkenningu Vakans, gæða- og umhverfiskerfis vottun ferðaþjónustunnar fyrir hönd Ferðamálastofu

Framundan

Mikið er framundan hjá Markaðsstofunni, nú sem endranær.

Þar má helst nefna:

- **MANNAMÓT 2016** – haldið af Markaðsstofum Landshlutanna þann 21. janúar í Reykjavík.
- **Árshátíð** – haldin í Hótel Vatnsholti 19. febrúar ásamt málþingi og örferð um svæðið
- **Uppfærsla heimasíðu og samfélagsmiðla** – ásamt áframhaldandi þróun og vinnu við að betrubæta uppsetninguna og framsetningu efnis. Byggja upp síðu sem heldur utan um umfjallanir og skrif blaðamanna um landshlutan og MSS hefur komið að. Þá er áfram unnið að hugsanlegum viðbótum.
- **Fjölmiðlaferðir og umfjallanir**– m.a. með ITV breakfast show í Bretlandi og BBC.
- **Kynning/kynningarefni** á ávinningi aðildar að MSS.
- **Súpufundir/þemafundir** í samstarfi við hvert svæði.
- **Vinna við markaðsgreiningu** áfangastaðarins Suðurlands.
- **Undirbúningur námskeiðs** fyrir fyrirtæki til að nýta niðurstöður markaðsgreiningarinnar.
- **Stefnumótunarvinna Markaðsstofa landshlutanna** unnin með Ferðamálastofu og ráðgjafa
- **Mid Atlantic** – í byrjun febrúar ásamt post-tour.
- **Vegvísir í ferðaþjónustu** – fundir og hugsanleg verkefni.